



Leiðsögn

Aðalfundur Leiðsagnar – stéttarfélags leiðsögumanna

3. maí 2023

Fundargerð

Aðalfundur Leiðsagnar – stéttarfélags leiðsögumanna var haldinn að Stórhöfða 29, miðvikudaginn 3. maí 2023. Fundurinn var í senn staðfundur og fjarfundur þar sem unnt var að fylgjast með og taka þátt í gegnum stafrænan búnað. Kosningar á fundinum voru ýmist rafrænar eða fóru fram með handauppréttingu.

Friðrik Rafnsson formaður setur fund kl. 18.11.

Ávarp menningar- og viðskiptaráðherra

Lilja Dögg Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, flytur ávarp. Henni verður tíðrætt um mikilvægi leiðsögustarfsins sem hún segir vera „framínufólk” í ferðapjónustu og mikilvægt fyrir orðspor Íslands. Góð leiðsögn magni upplifun ferðamannsins og veiti honum innsýn í náttúru og menningu. Jákvætt og uppbyggilegt viðmót leiðsögufólks ásamt fagmennsku eigi stóran þátt í þróun Íslands sem ferðamannastaðar.

Hún kveðst hafa sem ráðherra lagt áherslu á öryggi ferðamanna og leiðsögufólks og segist fagna öllum ábendingum í því efni. Leiðsögufólk fari iðulega um viðkvæma og hættulega staði þar sem þurfi að fræða fólk um aðstæður. Oft séu þetta draumaferðir fólks og því mikilvægt að allir komist heilir heim.

Ráðherra segir unnið að uppfærslu stefnu í málefnum ferðapjónustu og stýrihópur fundi um gerð þingsályktunar. Kallað verði eftir breiðri aðkomu fagmanna og leiðsögufólks þar með.

Að ávarpi sínu loknu svarar Lilja Dögg nokkrum spurningum fundarmanna. Hún er spurð hvenær stjórnvöld hyggist „sýna leiðsögustarfinu tilhlýðilega virðingu” með því að lögvernda það. Ráðherra segist skilja vel áhuga leiðsögumanna á lögverndun starfsins, málið hafi verið til skoðunar en hún kveðst ekki geta svarað því hvort og hvenær það verði gert. Hún segist vilja leggja aukna áherslu á menntun og greinir frá því að hópur sé að störfum þvert á greinina. Sjálf

kveðst hún áhugasöm um aukna áherslu á ferðapjónustu og undirflokkana hennar á framhaldsskólastigi.

Aðspurð um gjaldtöku á ferðamannastöðum og svonefndan „náttúrupassa“ segir Lilja Dögg að hann hafi ekki þótt svara þörfum ferðapjónustunnar á sínum tíma. Engin áform séu uppi um að endurvekja þá hugmynd. Betra sé að horfa til gjaldtöku á staðnum en almennrar skattheimtu ekki síst sökum þess að Ísland sé mjög dýrt land að heimsækja.

1. Kosning fundarstjóra og annarra starfsmanna fundarins

Friðrik Rafnsson ber upp Halldór Oddsson, lögfræðing hjá ASÍ, sem fundarstjóra og Ásgeir Sverrisson, starfsmann skrifstofu ASÍ, sem ritara. Það er samþykkt.

Halldór Oddsson tekur við fundarstjórn. Hann segir mætingu góða og því beri að fagna. Verkefnið sé að halda dagskrá og tryggja skilvirkan og góðan fund.

Halldór ber upp lögmæti fundarins og spyr hvort einhverjar athugasemdir séu við boðun hans.

Svo reynist vera. Bent er á að fundarboð með nöfnum frambjóðenda hafi verið sent út áður en framboðsfrestur var útrunninn.

Kvartað er undan ólíkum aðgangi frambjóðenda til trúnaðarstarfa að kjörskrá. Einhverjir frambjóðendur hafi haft greiðan aðgang að gögnum um félagsmenn en aðrir ekki. Þetta geti ekki talist lýðræðislegt og verði að telja alvarlegt. Viðkomandi félagsmaður kveðst gera alvarlegar athugasemdir við boðun fundarins.

Halldór fundarstjóri segir framkomnar athugasemdir fyrst og fremst heyra undir stjórn félagsins og kjörstjórn.

Hann ber upp lögmæti fundarins og er það samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Því næst ber Halldór upp dagskrá aðalfundar eins og hún birtist í leiðréttu fundarboði og er hún samþykkt.

Fundarstjóri leggur til í nafni skilvirkni að dagskrárlíðir 3 og 4 verði kynntir og ræddir saman. Fundarmenn eru því samþykktir.

Þá leggur fundarstjóri til að dagskrárlíðir 5 og 6 verði teknir saman og þeim víxlað þannig að líður 6 verði á undan 5. líð. Það er samþykkt.

2. Lýst yfir niðurstöðu í kjöri formanns og stjórnar

Kári Jónasson, formaður kjörstjórnar, lýsir kjörinu. Samtals voru 920 á kjörskrá. Af þeim greiddu 237 atkvæði sem er 25,56% þátttaka.

Formaður:

Jóna Fanney Friðriksdóttir 117 atkvæði - 49,37%.

Friðrik Rafnsson 115 atkvæði - 48,52%.

Auðir seðlar 5.

Jóna Fanney Friðriksdóttir er því löglega kjörin formaður félagsins.

Stjórnarkjör:

Kári Jónasson segir 231 af 920 hafa greitt atkvæði sem svari til 25,11% kjörsóknar.

Tveir efstu eru kjörnir aðalmenn í stjórn og næstu fjórir varamenn.

Aðalmenn:

Dóra Magnúsdóttir.

Guðný Margrét Egilsdóttir.

Varamenn:

Snorri Steinn Sigurðsson.

Halldór Kolbeins.

Hallfríður Þórarinsdóttir.

Jóhanna Magnúsdóttir.

Halldór fundarstjóri þakkar Kára Jónassyni og óskar hinum kjörnu til hamingju.

Ávarp nýkjörins formanns

Jóna Fanney kveðst auðmjúk og undrandi, hún hafi ekki átt von á sigri. Hún þakkar fráfarandi stjórn unnin störf og Friðriki formanni sérstaklega. Jóna Fanney segist taka við keflinu, hún viti vel að þau sem standa í eldlínunni séu ekki alltaf þau vinsælustu en hún sé tilbúin í slaginn. Staðan í kjaramálum leiðsögufólks sé grafalvarleg og ánægjulegt sé að nýtt fólk í stjórn hafi á þeim góða þekkingu.

Jóna Fanney heitir því að vinna af alefli fyrir félagsfólk og biður þau sem telji eitthvað gagnrýnivert að koma því á framfæri við stjórnina en láta ekki óánægju í kaffisþjalli nægja. Þetta verði erfiður róður en stjórnin sé full af eldmóði.

3. Skýrsla fráfarandi félagsstjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári

Friðrik Rafnsson óskar Jónu Fanneyju til hamingju með formannskjörið. Hann kveðst boðinn og búinn til að aðstoða hana við að koma sér inn í starfið. Friðrik óskar stjórnarfólk einnig til hamingju með kjörið. Hann kveðst leyfa sér að leggja til að öllum sem kjörin voru verði boðið til fundar í því skyni að auðvelda þeim að setja sig inn í helstu viðfangsefni stjórnar. Friðrik færir Völvu Árnadóttur gjaldkera sérstakar þakkir og segir hafa verið frábært að vinna með henni.

Friðrik minnst þriggja félagar; Jóns Ingvar Jónssonar Guðbjargar Guðmundsdóttur, og Hjartar Howser. Félagfólki sé brugðið við fráfall þeirra.

Friðrik les skýrslu stjórnar sem hann segir hafa verið samhent og fengið miklu áorkað. Auk þess sem kalla megí hefðbundna starfsemi og ýmsar endurbætur í tækni og þjónustu við félagsmenn, m.a. rafræn skilríki, hafi á árinu 2022 verið tekist á við nokkur stór verkefni. Nefnir Friðrik sérstaklega myndun viðræðunefndar og undirbúning samningaviðræðna við SA/SAF um nýjan kjarasamning. Nefndin hafi fengið ómetanlegan stuðning frá lögfræðingum og hagfræðingum á skrifstofu ASÍ auk þess sem reyndir félagar í Leiðsögn hafi veitt afar gagnlega ráðgjöf. Viðræðunefndin hafi átt sex snarpa fundi með samninganefnd SA/SAF sem lyktað hafi með

skammtímasamningi um launaliðinn í febrúar. Hækkunin hafi verið frá 8,3% upp í 11,9%, svipuð og önnur félög hafi samið um í desember.

Verkefni næstu mánaða segir Friðrik vera að laga samninginn betur að núverandi aðstæðum í ferðapjónustunni og leiðrétta launin enn frekar. Leiðsögumenn hafa dregist nokkuð aftur úr samanburðarhópum.

Friðrik segir æ meira bera á því að fyrirtæki með lukkuriddara í broddi fylkingar reyni að nýta sér aðstæður með því að stunda kjarabrot, einkum á erlendum starfsmönnum sem eigi erfiðara með að verja sig en heimafólk. Haldið sé skipulega utan um ábendingar þessa efnis hjá Leiðsögn og athygli hafi einkum verið beint að tveimur fyrirtækjum sem virðist hvað grófust í kjarabrotamálum. Þau mál séu nú í ferli hjá lögfræðingi félagsins.

Ferðapjónustufyrirtækin taki þó Leiðsögn af meiri alvöru en áður, vilji vanda sig og fara að samningum. Það sé sannarlega fagnaðarefni. Vonandi verði það til þess að fyrrgreind fyrirtæki og fleiri átti sig á því að Leiðsögn muni gæta hagsmuna félagsmanna sinna af fullri hörku og að kjarabrot og launapjófnaður verði ekki liðin.

Friðrik rifjar upp að Leiðsögn hafi fagnað 50 ára afmæli á árinu 2022. Afmælisárið hafi verið ágætt tilefni til að fá umfjöllun um mikilvægi leiðsögumanna í ferðapjónustunni og sýnist honum að félagið hafi fengið góða og jákvæða athygli í fjölmiðlum.

Fráfarandi formaður segir félagsmönnum hafa fjölgað talsvert og séu þeir nú orðnir tæplega þúsund en hafi verið rúmlega sjö hundruð þegar hann settist í stjórn fyrir þremur árum.

Eitt þeirra verkefna sem Friðrik tiltekur er að stjórnin hafi undanfarið ár þrýst á til þess bæra aðila að útfæra og framkvæma raunfærnimat, sem felist í því að gefa fólki sem hefur umtalsverða reynslu af leiðsögn og þekkingu á ýmsum sviðum tækifæri til að fá starfsreynslu og þekkingu sína metna, þannig að þær kröfur sem gerðar eru til menntunar leiðsögumanna séu uppfylltar og án þess að slegið verði af gæðakröfunum. Þessi vinna hafi verið unnin í samvinnu við lðuna menntasetur og standi vonir til þess að hægt verði að bjóða upp á þennan kost í haust og fjölga þannig faglærðum leiðsögumönnum.

Nýverið hafi komið fram ósk frá nokkrum félögum Leiðsagnar um að haldinn verði sérstakur félagsfundur til að ræða stöðu Leiðsagnar sem stéttarfélags, hvort hag félagsmanna sé best borgið eins og fyrirkomulagið er nú, eða hvort ef til vill væri heppilegra að sameinast öðru og stærra félagi, hvernig aðildin að ASÍ gangi og hvort öflugra væri að vera innan vébanda annarra samtaka. Friðrik segist telja sjálfsagt að staldra við og fara yfir þessi mál, kanna kostina í stöðunni og draga fram kosti og galla. Fundinn þurfi að undirbúa vel og vanda til verka.

Friðrik lýkur skýrslunni með því að segja að hann hafi setið nýafstaðið framhald 45. þings ASÍ. Andrúmsloftið hafi verið allt annað en haustið 2022 þegar allt sprakk í loft upp á þinginu og nauðsynlegt reyndist að fresta því. Nú hafi ríkt samstaða, eindrægni og gleði, sannkallaður baráttuhugur sé í fólki. Hann hvetur leiðsögumenn til að taka sér þetta til fyrirmyndar, ræða álitamálin af hreinskilni, leggja fornar erjur til hliðar og snúa bökum saman. Þá mun þeim vel farnast.

4. Reikningar félagsins og sjóða þess lagðir fram til afgreiðslu

Sonja Kjartansdóttir bókari fer yfir reikninga félagsins og sjóða þess. Reikningar hafa verið aðgengilegir á neti í viku.

a. Endurmenntunarsjóður:

Engar spurningar eða athugasemdir.

b. Sjúkra- og orlofshúsasjóður:

Engar spurningar eða athugasemdir.

c. Ársreikningur félagsins:

Spurt er um launakostnað upp á 12 milljónir króna sem dreifist á þrjá aðila.

Sonja bókari segir starfshlutföll eftirfarandi:

- Starfsmaður í 75% starfi.
- Formaður í 25% starfi.
- Bókari í 15% starfi.

Laun stjórnar séu 350.000 krónur alls.

Spurt er um skrifstofu- og stjórnunarkostnað og upplýsir bókari að inni í honum sé m.a. aðildargjald til ASÍ, bankakostnaður og tryggingar.

Sigurður Albert Ármannsson kveðst sjá sig knúinn til að leiðrétta rangfærslur í máli fráfarandi formanns í skýrslu stjórnar um raunfærnimat í samráði við „aðila úti í bæ”. Nefnd sé að vinna að þessu verkefni, Hæfissetur ferðapjónustu komi þar að og menntamálaráðherra styðji framtakið og bíði eftir niðurstöðu. Á því starfi verði raunfærnimat byggt. Ótækt sé að formaður fari með rangt mál um svo mikilvægt verkefni. Stjórnin hafi gerst sek um sóun á tíma og fjármunum með því að taka upp samstarf við fyrirtæki sem hafi enga lögsögu í málinu. Til þess að svona verkefni hafi gildi þurfi vottun frá til þess bærum aðilum og stofnunum.

Friðrik Rafnsson segir Sigurð Albert hafa sagt einum fimm eða sex sinnum að hann, Friðrik, hafi farið með rangt mál. Unnið hafi verið með þeim aðilum sem nefndir hafi verið. Nú sé loks kominn af stað þessi starfshópur og við hann sé ástæða til að binda vonir.

Jakob S. Jónsson segir Sigurður Albert fara með rétt mál í grundvallaratriðum. Fráfarandi stjórn hafi fengið skýrslu frá starfshópi ráðuneytis þar sem lagðar hafi verið fram ýmsar tillögur og ein af þeim hafi verið um raunfærnimat ófaglærðra leiðsögumanna. Ráðherra hafi samþykkt skýrsluna fyrir sitt leyti og sent hana menntamálaráðuneyti sem hafi áframsent hana til menntamálstofnunar. Þar sé þennan starfshóp að finna. Rétt sé sem Friðrik sagði í skýrslu sinni

að menntastofnun hafi verið í molum og óstarfhæf á þessum tíma. Jakob kveðst ekki skilja hvers vegna stjórn Leiðsagar hafi kosið að fara aðra leið í samstarfi við einkafyrirtæki. Leiðsögn hafi enga lögsögu í menntamálum heldur til þess bærar stofnanir.

Halldór fundarstjóri ber upp ársreikninga félagsins og eru þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum.

5. Fjárhagsáætlun lögð fram og tillaga gerð um fjárhæð aðildargjalds

Valva gjaldkeri gerir grein fyrir fjárhagsáætlun.

Dóra Magnúsdóttir leggur til að félagsgjald verði hækkað í 10.000 kr. á ári. Gjaldið hefur ekki hækkað í þrjú og nú er 10% verðbólga.

Fundarstjóri ber upp tillögu Dóru um hækkun gjalds og er hún samþykkt með drjúgum meirihluta atkvæða gegn þremur.

6. Tillögur um lagabreytingar ef fyrir liggja

Halldór segir tillögur liggja frammi og hafi verið sendar með fundarboði en fram sé komin afgreiðslutillaga.

Jóna Fanney, hinn nýi formaður Leiðsagnar, leggur til að öllum fyrirliggjandi lagabreytingartillögum stjórnar og félagsmanna verði frestað og haldinn verði aukaaðalfundur í september á þessu ári.

Jóna Fanney fer yfir greinargerð með tillögu sinni. Meginhugsunin er sú að hreinsa þurfi til í lagasafni og öðrum skjölum félagsins, taka út úrelta liði og endurtekningar sem sé nokkuð víða að finna.

Í umræðu kemur fram nokkur stuðningur við tillögu Jónu Fanneyjar. Því er haldið fram að lagabreytingar séu snúíð og tímafrekt verkefni og jafnvel kunni að vera við hæfi að fresta þeim fram til aðalfundar næsta vor. Lögum félagsins hafi verið breytt verulega 2017 og einnig hafi verið átt við þau í fyrra. Vanda þurfi til verka og því sé frestun ráðleg - augljóst sé að ekki vinnist tími til að ljúka lagabreytingum á þessum aðalfundi. Nærtækara sé að horfa til haustsins.

Því er einnig haldið fram að Leiðsögn eigi að taka upp vinnubrögð sem víða tíðkist þannig að óháð nefnd eða ritstjórn fari yfir mikilvægustu gögn og lög félagsins og allar tillögur sem hún samræmi og leggi fyrir aðalfund eða vísi frá.

Á móti er teflt fram þeirri skoðun að fyrirliggjandi lagabreytingartillögur séu til einföldunar og sérstaklega sé ástæða til að skoða sex tillögur stjórnar.

Flutningsmaður segir í lok umræðu að hún hyggist opna gátt þar sem allir félagsmenn geti lagt fram hugmyndir og tillögur. Auka verði upplýsingaflæði innan félagsins og nefnir Jóna Fanney rafrænt upplýsingabréf í því viðfangi.

Halldór ber upp tillögu Jónu Fanneyjar um að fresta lagabreytingum fram til aukaaðalfundar í 3. viku september næstkomandi. Hún er samþykkt með drjúgum meirihluta atkvæða. Fjórir greiða atkvæði á móti.

7. Kosning til trúnaðarráðs

Aðalmenn:

Hildur Bjarnason.
Kári Jónasson.
Sigrún H. Pálsdóttir.
Bára Kristín Pétursdóttir.
Jens Ruminy.
Jóhanna Magnúsdóttir.

Varamenn:

Valva Árnadóttir.
Erika Martins Carneiro.
Áslaug Jóna Marinósdóttir.
Emil Örn Kristjánsson.
Gróa Másdóttir.
Ingibjörg Gunnarsdóttir.

8. Kosning fulltrúa í fastanefndir og aðrar trúnaðarstöður:

Fagráð:

Sigrún Stefánsdóttir.

Fræðslunefnd:

Guðný Margrét Emilsdóttir.

Upplýsinganefnd:

Kristín H. Sætran.

9. Kosning stjórnar Sjúkrasjóðs og eins fulltrúa í stjórn Endurmenntunarsjóðs

Stjórn Sjúkrasjóðs:

Pétur Gauti Valgeirsson.
Vilborg Anna Björnsdóttir.
Sigrún H. Pálsdóttir.

Varamenn í stjórn Sjúkrasjóðs:

Þorsteinn Svavar McKinsty.
Ragnheiður Ármannsdóttir.

Stjórn Endurmenntunarsjóðs:

Birna Ragnheiðardóttir Imsland.

10. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna reikninga til tveggja ára

Kjósa þarf skoðunarmann í stað Guðnýjar Margrétar Emilsdóttur. Regína F. Heincke er kjörin.

11. Reglugerðir Sjúkrasjóðs og Endurmenntunarsjóðs

a. Sjúkrasjóður

Vilborg Björnsdóttir gerir grein fyrir sjúkrasjóðnum. Hún segir lengi hafa verið unnið að breytingum á reglugerðum Sjúkrasjóðs, sú vinna hafi staðið yfir með hléum í fimm til sex ár. Markmið sé að einfalda, skýra og auka réttindi félagsmanna. Tillaga um breytingar á reglugerðum hafi legið frammi á vefnum í meira en viku. Sjóðurinn standi vel og því sé tillagan sú að fólk geti sótt í sjóðinn örliða viðbót vegna orlofsdvalar. Í sjóðnum séu nú 130 milljónir króna, ásókn í hann hafi ekki aukist. Því sé nú lag að opna sjóðinn. Alltaf megi hverfa til fyrra horfs ef þörf krefji.

Indriði H. Þorláksson segir breytingar mikla réttarbót fyrir félagsmenn en kveðst hafa áhyggjur af því að sjóðurinn heiti „sjúkrasjóður“ og hafi hingað til ekki verið orlofssjóður. Hér sé því lögð til eðlisbreyting á sjóðnum. Indriði spyr hvort þetta atriðið hafi verið nægilega rætt og hugsað. Ennfremur spyr hann hver viðbrögð samningsaðila verði við þessu.

Þá vekur Indriði athygli á að samkvæmt reglum þurfi að endurmeta sjóðinn á fimm ára fresti og þá verði að horfa til þess hvort sjóðurinn sé líklegur til að standast það mat verði fjármunir teknir úr honum með þeim hætti sem lagt sé til. Indriði leggur til að breytingum í heild verði frestað og málið verði tekið fyrir á framhaldsaðalfundi í september.

Vilborg Björnsdóttir segir að nafni sjóðsins hafi ekki verið breytt – hann heiti Sjúkra- og orlofssjóður og hafi kallast það svo lengi sem elstu menn muni. Að hefja orlofsgreiðslur úr sjóðnum sé að sönnu stór ákvörðun.

Halldór fundarstjóri ber upp tillögu Indriða H. Þorlákssonar og er hún samþykkt með þorra atkvæða. Sjö eru tillögunni andvígir.

b. Endurmenntunarsjóður

Harpa Björnsdóttir fer yfir reglugerðina og segir breytinguna þá sömu og lögð var til í fyrra. Ekki sé um að ræða miklar breytingar; annars vegar sé gert ráð fyrir að félagsmenn í stjórn verði tveir í stað eins og að hægt verði að krefja félagsmenn um endurgreiðslu fengins styrks úr sjóðnum við vissar aðstæður.

Halldór fundarstjóri ber upp breytingu á reglugerð Endurmenntunarsjóðs og er hún samþykkt með auknum meirihluta atkvæða.

12. Önnur mál

a. Afsögn stjórnarmanns

Harpa Björnsdóttir kunngerir að hún segi hér og nú af sér sem stjórnarmaður Leiðsagnar. Með því komi Snorri Steinn Sigurðsson í hennar stað sem aðalmaður. Hann sé reynslumikill, hafi góða

þekkingu á málefnum og þörf sé á kröftum hans í stjórn. Harpa segir ánægjulegt að hafa unnið með Friðriki, Snorra Steini og öðru stjórnarfólki. Alltaf hafi þeim tekist að komast að sameiginlegri niðurstöðu.

b. Látins félagar minnst

Þórdís Þórarinsdóttir vill minnast Jóns Ingvar Jónssonar sem unnið hafi mikið fyrir Leiðsögn á árum áður og reynst félaginu mikilvægur. Hún þakkar öllum sem vinna fyrir félagið, það sé erfitt starf og oft vanþakklátt.

Friðrik Rafnsson og Jóna Fanney Friðriksdóttir koma í pontu og slíta saman fundi rétt fyrir klukkan 22.30.